

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 71. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Nú hefur sakarefni í skaðabótamáli út af slysi verið skipt og eingöngu dæmt um skaðabótaskylduna, og getur þá dómari, ef sækjandi krefst þess, tiltekið í dóminum hæfilega fjárhæð, er verjandi greiði honum upp í endanlega skaðabótafjárhæð. Þessari ákvörðun má breyta í Hæstarétti, ef dóminum er áfrýjað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 60.

25. apríl 1975.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til Noregs.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 25. apríl 1975.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 61.

28. apríl 1975.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 28. apríl 1975.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.